

Félagslegur fjármögnunarrammi Háskólans í Reykjavík

2021



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Sjálfbærni HR	3
Félagslegur fjármögnunarrammi	6
Ráðstöfun fjármagns	6
Flokkar gjaldgengra verkefna og áhrifavísar	7
Stjórnunarhættir: mat og val á verkefnum	8
Meðferð fjármagns	8
Skýrslugjöf og gagnsæi	9
Aðkoma ytri aðila	10



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Inngangur

Háskólinn í Reykjavík (HR) var stofnaður árið 1998 og er næststærsti háskóli landsins. Um 3.500 nýstúdentar stunda þar nám á ári hverju. Sögu HR má rekja til Tölvuskóla Íslands sem var stofnaður árið 1988. Í HR eru sjö akademískar deildir og að auki býður skólinn upp á undirbúningsnám í Háskólagrunni HR og sí- og endurmenntun í Opna háskólanum. Árið 2021 var HR í sæti 300–350 á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla heimsins, efstur íslenskra háskóla. Þá var hann númer 59 á sama lista yfir bestu ungu háskólana, yngri en fimmtíu ára, og efstur á lista yfir þá háskóla heimsins sem hafa hlutfallslega mest áhrif með rannsóknum sínum.

Meirihlutaeigandi HR er Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands. Aðrir eigendur eru Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins. Samkvæmt stofnsamþykktum skulu eigendur HR ekki hafa fjárhagslegan ávinning af rekstri háskólans og ekki er heimilt að greiða arð til hluthafa. Allan hagnað skal nota til endurfjárfestingar í starfsemi HR.

Hlutverk HR er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði einstaklinga og samfélagsins með siðfræði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Í því skyni vinnur háskólinn að því að innleiða markmið Sameinuðu þjóðanna um menntun ábygrra leiðtoga (United Nation's Principles for Responsible Management Education, PRME). Markmið PRME er að mennta og þjálfa framtíðarleiðtoga sem hafa samfélagsábyrgð að leiðarljósi í ákvarðanatöku sinni. Eins og aðrir íslenskir háskólar er HR opin öllum. Félagslegt markmið HR er að bjóða öllum aðgang að æðri menntun, óháð stöðu.

Eins og allar menntastofnanir á Íslandi, byggir fjármögnun HR á ríkisframlagi, en einnig á skólagjöldum. Einkareknir háskólar fá árlegt framlag sem Alþingi samþykkir til að fjármagna bæði menntun og rannsóknir, þannig að starfsemi þeirra er fjármögnuð með bæði almanna- og einkafé. Þar að auki rekur hið opinbera námslánakerfi, Menntasjóð námsmanna, sem veitir fjármagn til að mæta framfærslu- og námskostnaði íslenskra námsmanna hvort sem þeir stunda nám á Íslandi eða erlendis.

Sjálfbærni HR



HR gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að auka aðgengi að æðri menntun á Íslandi. Með því að fylgja markmiðum og sex meginreglum PRME leitast HR við að uppfylla meginhlutverk háskólans að miðla þekkingu á sjálfbæran hátt, bæði hvað varðar samfélagið og umhverfi. Nálgun HR varðandi sjálfbærni felst í að leggja áherslu á markmið háskólans um að veita öllum aðgengi að æðri menntun, að móta hæfileika komandi kynslóða og bjóða þeim sem stunda nám við háskólann menntun með hætti sem endurspeglar sjálfbæra þróun.

HR leggur mikla áherslu á að draga úr ójöfnuði með því að gera æðri menntun aðgengilega öllum, óháð stöðu. Það endurspeglar meginmarkmið skólans að tryggja öllu náms- og starfsfólki jafna stöðu og tækifæri, eins og fram kemur í jafnréttisáætlun háskólans. Hún miðar að því að allir einstaklingar eigi að hafa jöfn tækifæri þegar kemur að menntun, þróun, rannsóknum og fjármögnun, óháð aldri, kyni, eða þjóðerni.

Háskólar hafa í gegnum tíðina verið miðstöð þekkingar og hugmynda. Með þeim rannsóknum, þekkingu og fjármagni sem þeir búa yfir geta háskólar deilt þekkingu og miðlað henni til næstu kynslóðar, haft áhrif með tækninýjungum, tekist á við áskoranir sem veröldin stendur frammi fyrir, byggt upp og hlúð að alþjóðlegum tengslum og hæfileikum og bætt lífsgæði.

HR tekur sér þessa ábyrgð fúslega á hendur enda er hlutverk háskólans „að skapa og miðla þekkingu til að bæta samkeppnishæfni og lífsgæði einstaklinga og samfélagsins með góðar siðareglur, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi.“ Það er enn fremur stefna HR að veita opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna og háskólinn rekur fjölda rannsóknarsetra, þ.m.t. Rannsóknarsetur um sjálfbæra þróun sem hefur þann megingilgang að hlúa að rannsóknar- og menntunarstarfi í tengslum við sjálfbæra þróun, með áherslu á 17 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

HR leitast við að veita aðgengi að nauðsynlegri þjónustu (menntun) á aðgengilegan hátt. Með því að veita aðgang að aðstöðu og búnaði getur HR veitt fleira námsfólki aðgengi að menntun og bætt gæði þeirrar menntunar sem í boði er á Íslandi. Bygging HR er hönnuð og byggð með gott aðgengi fyrir alla að leiðarljósi, meðal annars fólk sem á við líkamlega fötlun að stríða. Samgöngur að byggingunni eru greiðar, hvort sem fólk notar strætisvagn, hjól eða tvo jafnfljóta. HR mun aðlaga aðgengismál háskólans að hvers konar grundvallarbreytingum á innviðum almenningssamgangna í borginni. Með því að nýta tækni á sviði fjarkennslu getur HR bætt aðgang fatlaðra, þeirra sem búa á afskekktum svæðum og annarra, að æðri menntun.



Fjármögnun HR, sem byggir á einka- og almannafé og námslán frá hinu opinbera, gerir HR kleift að bjóða menntun á viðráðanlegum kjörum. Með byggingu námsmannaíbúða sem leigðar eru á viðráðanlegum kjörum leggur háskólinn til enn frekari aðstoð fyrir nemendur.

HR býður öllum nemendum sínum margvíslegan stuðning til að stuðla að velferð og auka líkur á að þeir ljúki námi og útskrifist á tilsettum tíma. Slíkur stuðningur felur meðal annars í sér námsráðgjöf, sálfræðilegan stuðning, námsaðstoð, lestraraðstöðu, vinnustofur fyrir hópverkefni og góðan aðgang að beinum samskiptum við kennara, deildir og annað starfsfólk. Allur stuðningur við nemendur er þeim að kostnaðarlausu.

Til að styðja frekar við nemendur og til að hámarka samfélagsleg áhrif HR hefur háskólinn að leiðarljósi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þar er einkum horft til markmiðs 4 um góða menntun, markmiðs 10 um aukinn jöfnuð, markmiðs 11 um sjálfbærar borgir og samfélög og markmiðs 17 um samvinnu um markmiðin. HR hefur skilgreint þau sem búa að ónægri menntun, eru atvinnulaus eða eiga við fötlun að stríða sem afskipta hópa og mun áfram hlúa að þeim nemendum og bjóða þeim aðgengi að því námi sem háskólinn hefur að bjóða.

HR leggur áherslu á að styðja við þá einstaklinga sem ekki hafa hlotið þá menntun sem þeir sækjast eftir. Háskólinn var meðal fyrstu íslenskra stofnananna til að bjóða þeim nemendum undirbúningsnám, sem ekki eru gjaldgengir til að hefja háskólanám. Með lokaprófi frá Háskólagrunni HR eru nemendur gjaldgengir til háskólanáms við HR og aðra háskóla. Nemendur í Háskólagrunni eiga rétt á námslánum frá hinu opinbera.

Varðandi stuðning við atvinnulausa leggur HR áherslu á aukinn sveigjanleika í háskólastarfinu þegar atvinnuleysi eykst í samfélaginu. Þegar Covid-19 heimsfaraldurinn brast á tók HR þátt í verkefni til að virkja nemendur í sumarleyfi með því að bjóða upp á sumarnámskeið, bæði fyrir þá nemendur sem stunda nám við HR, fyrir þau sem vildu taka forskot á háskólanámið og fyrir almenning. HR bauð nemendum einnig meira en 150 stöður við rannsóknarvinnu yfir sumarið, í átaki Vinnuálastofnunar til að draga úr atvinnuleysi.

Nemendur HR hafa aðgang að íbúðarhúsnæði í Háskólagörðum HR, sem byggðir voru til að veita nemendum við háskólann gott húsnæði á góðum kjörum. Háskólagarðarnir eru byggðir í samræmi við lög frá Alþingi um almennar íbúðir. Í lögnum eru skýr skilyrði varðandi tekjuþröskulda til að eiga rétt á húsnæðinu, til að tryggja þeim sem hafa lágar tekjur aðgengi. Í úthlutunarreglum HR fyrir Háskólagarða er einnig tekið fram að fatlaðir, fólk sem búsett er utan höfuðborgarsvæðisins og erlendir nemendur skuli hafa forgangsrétt að tilteknum íbúðum.

Það er stefna HR að bjóða nemendum sem eiga við fötlun að stríða sérstakan stuðning. Þetta á við um nemendur sem eru líkamlega fatlaðir eða eiga við námsörðugleika, sálræn vandamál eða langvinna sjúkdóma að stríða. Aðstaða HR er hönnuð með það í huga að fatlaðir nemendur eigi greiðan aðgang að háskólanum og HR nálgast þá á einstaklingsgrunni til að veita þeim stuðning við hæfi. Markmiðið er að tryggja að fatlað fólk geti komið í skólann og lokið æðri menntun.

Með því að koma á fót þessum félagslega fjármögnunarramma mun HR verða í stakk búinn til að vinna að þeirri framtíðarsýn að auka félagslegan jöfnuð og bæta lífsgæði með aðgengi að menntun og rannsóknum sem hafa jákvæð félagsleg áhrif. HR sér tækifæri í því að nota fjármuni sem skapast vegna þeirra til að ná fram félagslegum áhrifum á gagnsæjan hátt, bæði hvað varðar fólk sem starfar eða nemur við háskólann og aðra hagsmunaaðila, sem og fjárfesta, einkum þá sem hafa áhuga á fjárfestingum sem tengjast umhverfis-, loftslags- og félagsmálum og góðum stjórnunarháttum. Markmið HR er að finna fjárfesta sem vilja vinna að þessum gildum og með rammanum fæst fjárhagslegur sveigjanleiki til að styðja efnahagslega við þau markmið.

”

Háskólinn í Reykjavík var stofnaður til að þjóna samfélaginu í heild með menntun og rannsóknum sem styrkja og bæta lífskjör.

Þetta þýðir að sú menntun sem boðið er upp á skuli vera aðgengileg eins stórum og fjölbreyttum hópi fólks og mögulegt. Orðstír okkar þegar kemur að öflugum stuðningi við nemendur, góðri kennslu og aðstöðu með góðum aðgangi skiptir miklu máli til að laða að nemendur, en háskólinn skilgreinir einnig sérstaka markhópa sem þurfa á meiri hvatningu og stuðningi að halda og getur þannig fjölgað nemendum í einstökum námsbrautum og aukið fjölbreytni þeirra. Háskólinn starfar einnig með ríki og sveitarfélögum að því að tryggja fjárstuðning, ódýrt húsnæði og annað það sem nauðsynlegt er til að allir sem lokið hafi tilskildum grunni geti stundað nám við háskólann.

Hvað varðar menntun og rannsóknir þá er háskólanum mikilvægt að hafa áhrif á samfélagið og stýra því í átt að betri framtíð. Sjálfbærni og ábyrgð gegna því lykilhlutverki í menntun og rannsóknum sem stundaðar eru við háskólann.

Ari Kristinn Jónsson, rektor

“

Félagslegi fjármögnunar-ramminn

HR hefur hannað þennan félagslega fjármögnunarramma¹ til að leita fjármögnunar, sem felur í sér en takmarkast ekki við skuldabréf og lán (sem í heild nefnast félagslegir fjármálagerningar) til fjármögnunar á gjaldgengum verkefnum (eins og þau eru skilgreind í þessum ramma).² Félagslegu fjármálagerningarnir skulu vísa til þessa ramma. Það samræmist framtíðarsýn hluthafa og stjórnenda um að leggja meira af mörkum til sjálfbærrar þróunar, bæði staðbundið og á heimsvísu.

Hugsast getur að af og til verði þessi rammi uppfærður til að bregðast við breytingum sem kunna að eiga sér stað í framtíðinni í tengslum við reglur um félagslega fjármögnun og flokkun, sem og almenn viðmið á markaði við sjálfbæra fjármögnun og/eða breytingum á starfsháttum HR.

Ráðstöfun fjármagns

Fjármagni frá félagslegum fjármálagerningum verður varið til að fjármagna eða endurfjármagna gjaldgeng verkefni, bæði fjárfestingar eða annan kostnað, í heild eða að hluta til, eins og lýst er hér á eftir. HR hyggst úthluta fjármagninu í slík verkefni innan 36 mánaða frá hverri fjármögnun.

Fjármagnið má nota til að fjármagna gjaldgeng verkefni, bæði þau sem nú þegar er unnið að sem og ný verkefni. Ný fjármögnun gildir um gjaldgeng verkefni sem hafin eru á sama ári og fjármögnun hefur farið fram og fjármagni er úthlutað til viðkomandi verkefnis. Endurfjármögnun gildir um gjaldgeng verkefni sem hefjast á árinu áður en fjármögnun fer fram.

Útilokunarskilyrði: Fjármagni verður ekki úthlutað til verkefna eða starfsemi sem byggir á framleiðslu jarðefnaeldsneytis, virkjun kjarnorku, rannsóknnum og/eða þróun í tengslum við vopn og varnir, auðlindavinnslu sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið (t.d. sjaldgæfra jarðmálma eða jarðefnaeldsneytis), fjárhættuspilum eða tóbaki.

Hvers konar fjárfestingu í byggingum HR, bæði nýjum byggingum og hvers konar endurbótum á þeim byggingum sem þegar eru til staðar (bæði skólabyggingum og húsnæði nemenda) er ætlað að veita andlega og líkamlega fötluðu fólk betri aðgang en kveðið er á um í núverandi byggingareglugerðum. Íslenska raforku- og hitaveitukerfið er keyrt af 99,9% endurnýjanlegum auðlindum og notast HR við þau kerfi. Fyrir framtíðarbyggingar mun HR einnig kanna möguleika á umhverfisvottun, t.d. BREEAM- og BREEAM-in-use.

¹ Þessi rammi hefur verið samræmdur alþjóðlegum viðmiðum um félagsleg skuldabréf (2020) og félagsleg lán (2021).

² Það kann einnig að fela í sér að slíkir félagslegir fjármálagerningar hafi verið gefnir út af tilteknum félögum með sérstakan tilgang og/eða stofnunum/samtökum sem tengjast eða eru undir stjórn HR.

Flokkar gjaldgengra verkefna og áhrifavísar

Alþjóðleg viðmið um félagsleg skuldabréf Flokkar verkefna	Dæmi um verkefni	Áhrifavísir	Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og undirvísar
<p>Aðgangur að nauðsynlegri þjónustu – Menntun</p> <p>Til bygginga teljast skólastofur og rannsóknarstofur ásamt allri aðstoðu, búnaði, umsýslu og starfsemi sem tengist þjónustu við nemendur eða starfsfólk.</p>	<p>Nýjar byggingar með aðgengi eins og best verður á kosið.</p> <p>Stuðningsnet til að tryggja að þeim nemendum sé sinnt sem glíma við líkamlega fötlun eða námsörðugleika.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Fjöldi nemenda sem náð var til - Hlutfall nemenda sem hætta í námi - Hlutfall nemenda sem þurfa sérstaka aðstoð í almennum skólastofum 	<div data-bbox="1570 459 1722 612"> <p>4 MENNTUN FYRIR ALLA</p> </div> <div data-bbox="1570 628 1722 782"> <p>10 AUKINN JÖFNUGUR</p> </div> <p>4.4 Ungmönnum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgi umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið viðunandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.</p> <p>10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði.</p>
<p>Félagshagfræðileg framþróun og valdefling</p> <p>Starfsemi sem felur í sér rannsóknir, menntun, þjónustu, borgaralegar og alþjóðlegar aðgerðir sem stuðla að því að ná megi einu eða fleiri af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og/eða bæta hag eins eða fleiri markhópa þeirra.</p>	<p>Námsáætlanir sem veita fólki með ónóga menntun aðgang að æðri menntun.</p> <p>Sumarstörf við rannsóknir fyrir atvinnulausa og rannsóknaráætlanir til að vinna að markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.</p> <p>Námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Fjöldi rannsóknarverkefna sem styðja við eitt eða fleiri markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun - Atvinnuleysi meðal ungs fólks - Hlutfall íbúa 25–64 ára sem lokið hafa námi á háskólastigi 	<div data-bbox="1570 820 1722 973"> <p>4 MENNTUN FYRIR ALLA</p> </div> <div data-bbox="1570 989 1722 1142"> <p>17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN</p> </div> <p>4.7 Bæta þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl.</p> <p>17.8 Bæta samstarf á heimsvísu á sviði sjálfbærrar þróunar</p>
<p>Húsnæði á viðráðanlegu verði</p> <p>Húsnæði fyrir námsfólk, þ.m.t. öll aðstaða, umsýsla og aðgerðir í þágu leigjenda.</p>	<p>Nýjar íbúðir fyrir nemendur í göngufæri frá HR þar sem gott aðgengi og hagstætt leiguverð er tryggt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Fjöldi íbúða - Fjöldi þroska- og/eða hreyfihlaðs fólks með aðgengi að vel útbúnum íbúðum - Leigukostnaður í samanburði við leiguvisitölu á lands- eða svæðisvísu 	<div data-bbox="1570 1181 1722 1334"> <p>11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFELÖG</p> </div> <div data-bbox="1570 1350 1722 1503"> <p>10 AUKINN JÖFNUGUR</p> </div> <p>11.1 Tryggja almennan aðgang að góðu húsnæði.</p> <p>10.2 Öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.</p> <p>10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði.</p>

Stjórnunarhættir: mat og val á verkefnum

Rektor HR ber ábyrgð á sjálfbærni bæði hvað varðar menntun og almennan rekstur háskólans. Framkvæmdaráð HR ber ábyrgð á endurskoðun, mati og vali á mögulega gjaldgengum verkefnum á grundvelli félagslega fjármögnunarrámsins. Ráðið mun endurskoða skrá yfir félagsleg verkefni sem haldin er í þeim tilgangi að skrá og hafa yfirsýn yfir verkefni og aðgerðir sem fjármögnuð eru á grundvelli þessa ramma og staðfesta verkefni sem þar eru skráð. Ráðið mun einnig fara yfir árlega skýrslugerð og ber endanlega ábyrgð á ramma.

Í framkvæmdaráði sitja rektor, framkvæmdastjóri rekstrar, mannauðsstjóri, sviðsforsetar og deildarforsetar. Hafa má samráð við aðra aðila sem viðurkenndir eru sem sérfræðingar á viðkomandi sviði, innan eða utan háskólans. Framkvæmdaráðið mun ræða framgang rammans, sjálfbærnisrána og önnur tengd mál þegar þörf krefur og að lágmarki einu sinni á ári. Allar síðari uppfærslur á þessum ramma eru háðar samþykki ráðsins.

Við mat og val á mögulegum gjaldgengum verkefnum og úthlutun félagslegrar fjármögnunar mun framkvæmdaráðið einnig taka til athugunar þætti eins og mannréttindi og réttindi launþega og hvernig forðast megi umtalsverðan skaða fyrir aðra hópa eins og skilgreint er samkvæmt alþjóðlegu viðmiðunum um félagsleg skuldabréf. Til viðbótar verði verkefni metin út frá umhverfislegum áhættum, s.s. m.t.t. loftslagsbreytinga, mengunar, og líffræðilegs fjölbreytileika, til þess að meta þær aðgerðir sem þarf að fara í til að takmarka slíka áhættu. Þetta er vegna þess að HR ætlar að fara eftir umhverfis- og félagslegum stöðlum og viðmiðum, sem og staðbundnum lögum og reglugerðum eins og mögulegt er.

Meðferð fjármagns

HR mun koma á formlegri skrá fyrir félagslega fjármögnun til að tryggja að hún sé einungis nýtt við fjármögnun gjaldgengra verkefna og til að endurgreiða félagsleg skuldabréf. Skráin getur einnig nýst við skýrslugerð um úthlutanir HR og áhrif félagslegrar fjármögnunar. Innri fjárhagsáætlunar- og bókhaldskerfi verða notuð til að greina kostnað verkefna, sem verður borinn saman við stöðu félagslegra skuldabréfa í skránni yfir félagsleg atriði. Skráin verður endurskoðuð a.m.k. árlega. Verkefni sem ekki lengur uppfylla skilyrði og viðmiðunarmörk sem gilda um gjaldgeng verkefni verða fjarlægð af skránni.

HR leitast við að ná úthlutun til eignasafns gjaldgengra félagslegra verkefna sem jafngildir eða er umfram félagslegt fjármagn háskólans. Aukalegum gjaldgengum félagslegum verkefnum verður bætt við eignasafn gjaldgengra félagslegra verkefna útgáfuaðila að því marki sem nauðsyn krefur. Félagslegu fjármagni sem ekki hefur verið ráðstafað má geyma tímabundið sem reiðufé, ígildi handbærs fjár eða annars konar virk markaðsverðbréf.



Skýrslugjöf og gagnsæi

HR mun veita upplýsingar til fjárfesta sinna og annarra hagsmunaaðila varðandi úthlutun sína og áhrif félagslegrar fjármögnunar í ársskýrslu þar til félagslegu fjármagni hefur verið úthlutað að fullu. Skýrslugjöfin mun fara fram á heildstæðan hátt og í samræmi við venjur á markaðnum og alþjóðlegar viðmiðunarreglur og samskiptareglur.³

Skýrslugjöf um úthlutun

- Yfirlit yfir aðgerðir til félagslegrar fjármögnunar
- Tegundir félagslegra fjármálagerna
- Útistandandi upphæðir einstakra félagslegra fjármálagerna
- Staða úthlutaðs ágóða
- Hlutfall nýrrar fjármögnunar gagnvart endurfjármögnun
- Úthlutun til flokka gjaldgengra verkefna
- Sýnishorn af lista yfir fjármögnuð verkefni

Skýrslugjöf um áhrif⁴

- Aðferðafræði fyrir aðskilda flokka verkefna og/eða verkefni
- Félagsleg áhrif samkvæmt töflu yfir vísa á töflu gjaldgengra verkefna

³ Í samræmi við vinnu Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) að samstilltum ramma til skýrslugjafar um áhrif félagslegra skuldabréfa (Working Towards a Harmonized Framework for Impact Reporting for Social Bonds) (2020).

⁴ Skýrslugjöf um áhrif fer fram með fyrirvara um aðgengi að upplýsingum og grunngögnum. Einnig kann hún að vera háð trúnaðarsamningum, samkeppnissjónarmiðum og öðrum slíkum þáttum, sem kann að takmarka umfang skýrslugjafar um áhrif.

Aðkoma ytri aðila

Álit óháðs aðila

Leitað var áhlits óháðra utanaðkomandi aðila fyrir útgáfu varðandi þennan ramma frá S&P Global Ratings (áður Standard & Poor's) til að tryggja samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur og bestu venjur.

Skýrslugjöf um úthlutun og áhrif eftir útgáfu

HR hyggst fá utanaðkomandi aðila til að láta í té takmarkaða óháða staðfestingu sannprófun og/eða ráðgjöf til að undirbúa og/eða staðfesta eða sannreyna skýrslugjöf háskólans um úthlutun og áhrif.

Þessi skjöl verða aðgengileg öllum á vefsíðu HR: [Háskólinn í Reykjavík](http://ru.is) (ru.is)

Stefnu HR varðandi rannsóknir, mannauð, rekstur og sjálfbærni má finna á vefsíðu háskólans.